BYGGÐASTOFNUN
Ártorgi 1
550 Sauðárkróki
Sími 455 54 00
Fax 455 54 99
postur@byggdastofnun.is
byggdastofnun.is

Sauðárkróki, 12. mars 2020

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um hagkvæmnisathugun á uppbyggingu Skógarstrandarvegar, mál 262.

Byggðastofnun styður að gerð verði hagkvæmniathugun á endurbótum á Skógarstrandarvegi. Samkvæmt upplýsingum sem fram koma í greinargerð er slysatíðni vegarins afar há. Ástand núverandi vegar er afar slæmt og góður vegur um Skógarströnd styttir ferðatíma milli ýmissa staða á Vesturlandi annars vegar og Vestfjörðum og Norðurlandi hins vegar. Stofnunin telur að hagkvæmniathugun á þessari vegtengingu gæti leitt í ljós að hún hafi töluverð áhrif á byggðaþróun og mögulegt samstarf íbúa á þessu svæði.

Fyrir hönd Byggðastofnunar

______________________

Guðmundur Guðmundsson
*Sérfræðingur á þróunarsviði Byggðastofnunar*